

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 12. október 2023  
UST202309-262/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bólstaður- Rangárþing eystra**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bólstaður í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð (bls.10) kemur fram að deiliskipulagtillagan gengur út á að stofnuð verður um 3,1 ha lóð þar sem heimilað verður að byggja allt að 100 m<sup>2</sup> skála og um 20 m<sup>2</sup> skálavarðarhús/geymslu. Auk þess segir (bls. 13) að svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði með gistingu fyrir 20 manns á um 3,1 ha svæði. Stofnaðar verða tvær lóðir, önnur fyrir allt að 100 m<sup>2</sup> skála og allt að 25 m<sup>2</sup> skálavarðarhús/geymslu og hin fyrir hesthús.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að góðum frágangi eftir framkvæmdir.

### **Almennar ábendingar**

Umhverfisstofnun bendir á að það virðist vera misræmi í texta í greinargerð þar sem fjallað er um fjölda lóða, stærð á skálavarðahúsi og hvort tillagan gerir ráð fyrir hesthúsi eða ekki. Auk þess þarf að fjalla um reiðleiðina (græn brotalína) nánar sem er sýnd á uppdrætti, hvernig hún tengist lóðinni/svæðinu og setja hana í skýringar. Samkvæmt loftmyndum norðan við veginn eru augljósar rákir í landinu, líklega eftir rollur, hesta eða bíla.

Einnig þarf að fjalla um hestagerðið í greinargerð, en það er sýnt á uppdrætti. Auk þess þarf að fjalla um meðferð hestafóðurs ef við á.

### **Umferð ríðandi manna.**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 20. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir að þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín. Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.<sup>1</sup>

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Emstrur og Fjallabak og er númer 761 sem aðrar náttúruminjar (C - hluti náttúruminjaskrár). Svæðinu er lýst sem stórbrotnu og fjölbreyttu landslagi. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.<sup>2</sup>

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að svæðið sé afmarkað á uppdrætti<sup>3</sup> og fjallað um það í greinargerð tillögunnar og fram komi áhrif tillögur á ásýnd svæðisins og fjallað um í kafla 5 hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að náttúruminjaskrá sé höfð sem viðmið í töflu 3 undir umhverfisþættinum *Náttúru- og menningarminjar*.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirki í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

<sup>3</sup> <https://natturuminjaskra.ni.is/>